5143

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM




**Skýringar:**

**Brunasamstæður:**
3. Hæð, tvær brunasamstæður, sem er skipt með steinsteyptum veggjum amk REI-90 og með EI-CS60 hurð, læknaskrifstofur og sjúkraþjálfun í austurálmu, í suðurenda er fæðingarstofa og skurðstofur. Gert er ráð fyrir láréttri rýmingu.
Allar plötur eru 20 cm járnbent steinsteypa, stigar eru steyptir í austurálmu og miðálmu, en stálstigi í suðurálmu.
Veggir stigahúsa eru steypti/ hlaðnir og a.m.k. EI-60 og stigahús á hæðum eru lokuð með með EI-CS30 hurðum.

**Flóttaleiðir eru:**
Á þriðju hæð, eru flóttaleiðir um stigahúsin þrjú, milli brunasamstæðna lárétt rýming og út á svalir, sérstaklega í suðurálmu út á stórar svalir sem snúa út að götu í austur.

**Slökkvibúnaður**
Tvær brunaslöngur á 3. hæð, í miðri austurálmu og í miðri suðurálmu.
Handslökkvitæki og annar búnaður er staðsettur í samvinnu við slökkviliðsstjóra.

**Klæðningar**
Gert er ráð fyrir að léttir nýir veggir á göngum og á milli brunahólfa verði a.m.k. EI60, gifsklæddir. Eldri veggir eru annað hvort 18 cm steinsteyptir veggir eða 10 cm hlaðnir og pússaðir vikurveggir sem standast eiga kröfur um EI-60. Þá verða allar aðrar veggklæðningar í flokki 1.
Öll niðurtekin loft á göngum verða endurnýjuð með kerfisloftum og plötum í flokki 1.
Hurðir sem skipta húsinu upp í brunasamstæður og brunahólf verða stálhurðir EI-CS60 og hurðir á mörkum brunahólfa skulu verða a.m.k EI-CS30 eða E-CS30 þar sem það á við. Hurðir á öllum göngum sem eru flóttaleiðir verða a.m.k EI-CS30 eða E-CS30 þar sem það á við.
Lagnastokkar milli hæða eru klæddir með spónaplötulokum og eru opnir á milli hæða. Þeim verður lokað í hæðaskilum með brunaþéttiefni og klæða þá af með plötum í flokki 1 svo þeir standist kröfur um annars vegar EI-90 eða EI-60 eftir því sem við á.

**Annað**
Gert er ráð fyrir að endurnýja hluta brunaviðvörunarkerfisins og bæta við búnaði þar sem það vantar.
Gert er ráð fyrir um leið og ljósabúnaður verður endurnýjaður verði neyðarlýsingu komið upp og merkingar sem uppfylli brunavarnareglugerð.
Gerðir verða uppdrættir af þessum kerfum og þeir sendir brunamálastofnun um leið og þeir verða tilbúnir.

**Reyklosun**
Stigahúsin í austurálmu og miðálmu liggja að hluta til að útvegg með gluggum sem verða með opnanlegum fögum til reykræstingar.
Stigi í miðálmu er hringstigi og veggir hlaðnir og gluggalausir. Þar verður sett 1 m2 sjálfvirk lúga í þakið til reykræstingar.
Auk þess eru flest öll herbergi á hæðum með opnanlega glugga, nokkur með svalahurðir, fjórar útihurðir eru í kjallari og þrjár á 1. hæð.

Veggir:
REI-90
EI-60
ÚT Merktur útgangur
BO 0.6X1.1 m bXh Björgunarop
Sjá frekari skýringar á teikningu nr 5-001

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| breyting A:TEXTI VIÐ ÚT OG BO, B:SKÝRINGARTEXTI C:SALERNI BREYTT | | | | | | |
| breyting A SEPT. 00 | breyting C JAN.04 | | verkheiti HEILBRIGÐISST. Í VESTMANNAEYJUM | TEIKNISTOFA PZ EHF | verk nr.9725 | dags. JÚN. 00 |
| breyting B MARS 01 | breyting D | | verkefni ENDURSKIPULAGNING GRUNNMYND 3. HÆÐ BRUNAVARNARUPPDR. | RÁÐGJAFAVERKFRÆÐIÞJÓNUSTA F.R.V. KIRKJUVEGI 23 900 VESTMANNAEYJUM. SÍMI 481-2711, -2239 TELEFAX 481-3076 | teikn. nr 5.301 | breyting C |
| mælikv. 1:100 | teikn. EA | hannað PZ | | | | |